

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1232  
komudagur 29.2.2012



Hörgársveit

Alþingi  
nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Þelamerkurskóla, 22. febrúar 2012

### **Þingsályktunartillaga um samgönguáætlun 2011-2022, umsögn**

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 15. febrúar 2012 þá kröfu að í **þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022** (393. mál) **verði gert ráð fyrir framkvæmdum við Hörgárdalsveg (815) milli Brakanda og Skriðu á 2. tímabili áætlunarinnar**, í stað þess að láta þær dragast fram á 3. tímabil áætlunarinnar eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Hörgárdalsvegur, milli Brakanda og Skriðu, er með hættulegasti vegarköflum á landinu, sérstaklega á vetrum, vegna tveggja eldgamalla brúa sem á honum eru, þ.e. yfir Ytri-Tunguá og Syðri-Tunguá, og vegna þess að hann liggur við íbúðarhúsvegg á tveimur bæjum, Fornhaga og Skriðu. Ekki bætir úr skák að viðhald á vegarkaflanum hefur verið sáralítið um skeið, sem gerir hann enn hættulegri en ella.

*Sveitarstjórn Hörgársveitar skorar á Alþingi að láta alls ekki dragast lengur að fastákveða nægilega fjárveitingu á samgönguáætlun í svo brýnt öryggismál, sem lagning vegar milli Brakanda og Skriðu er, þannig að henni ljúki á næstu fimm árum.*

Virðingarfyllst,

Guðmundur Sigvaldason

